

26. fundur vinnuhóps um framkvæmdir við Flóaskóla haldinn í Flóaskóla 23. ágúst 2010.

Mættir:

Aðalsteinn Sveinsson sem ritaði fundargerð
Guðmundur Jón Sigurðsson
Kristín Sigurðardóttir
Steindór Guðmundsson

Einnig mættur Gestur Már Þráinsson fyrir hönd Smíðanda.

Farið yfir stöðu verksins frá síðasta fundi.

Raflagnavinna er langt komin en eitthvað er eftir vegna brunaviðvörunnarkefisins. Verið er að leggja lokahönd á tölvutengingar.

Verið er að ljúka við að flisaleggja anddyri. Það verk ætti að klárast á morgun.

Verið er að ljúka við að setja í innihurðir. Það verk ætti einnig að klárast á morgun. Lásar eru tilbúinir í Reykjavík og koma austur í dag.

Verið er að setja upp uppistöður vegna stigahandriðs. Lögð er áhersla á að setja þær upp við stigaopið uppi og bráðabirgðaplötur á þær fyrir annað kvöld þegar sjálfboðaliðar verða í húsinu í lokatiltekt.

Innréttingar eru að mestu komnar upp. Speglar við vaska koma í fyrramálið. Athuga þarf með að fá handfang við WC fatlaðra.

Eftir er að setja upp brautir og töflu sem tekin var niður í stofu í eldri byggingunni þegar gengið var frá veggnum við nýbygginguna. Það veður gert í dag.

Bílastæði og aksturssvæði skólabílanna verður merkt á planið á miðvikudag ef veður leyfir. Búið er að fá steypa stólpa til þess að setja á planið við framdyrnar til þess að afmarka göngupláss frá akandi umferð. Stólparnir eru á Selfossi. Athuga þarf með að koma þeim á staðinn.

Slökkvitæki eru tilbúin á Selfossi en eftir er að koma þeim á staðinn

Búið er að leggja teppi á þær stofur sem þarf nema tónlistastofuna og svo á setustofuna á annarri hæð. Það verk verður unnið í dag. Ekki er talin þörf á að leggja teppi á gangana og samþykkt að fresta því og sjá til hvernig það gengur.

Byggingafulltrúi gerði forúttekt á byggingunni á fimmtudag. Reiknað er með lokaúttekt á morgun.